

REGLUR

um smíði og búnað íslenskra skipa.

HLUTI M. 2.

Reglur um vistarverur áhafna flutningaskipa og farþegaskipa.

- 1.00. Almenn ákvæði.
- 1.01.0. **Orðaskýringar:**
Farþegaskip: Hvert það skip, sem ætlað er til þess að flytja fleiri en 12 farþega.
Áhöfn: Allir skipverjar, sem lögskráðir eru.
Yfirmenn: Skipstjóri, stýrimenn, vélstjórar, loftskýtamenn, rafvirkjar og brytar.
Undirmenn: Skipverjar aðrir en yfirmenn.
Vistarverur: Svefnklefar, borðsalir, dagstofur og annað það rými, sem ætlað er eingöngu til afnota fyrir áhöfnina, m. a. til tómsundaiðkana.
Stærð: Brúttórúmllestir, skammstafað rúml.
Strandsigling: Sigling umhverfis Ísland.
Millilandasigling: Sigling milli landa.
Viðurkennt: Viðurkennt af Siglingamálastofnun ríkisins.
- 1.02.0. **Gildissvið reglnanna.**
- 1.02.1. Reglur þessar gilda fyrir vélknúin skip, 500 rúml. og stærri. Reglurnar gilda einnig fyrir skip milli 50 og 500 rúml., eins og ákvæði eru um í viðkomandi greinum, að svo miklu leyti sem við verður komið, án þess að notagildi skipsins sé skert til baka. Reglurnar gilda ekki fyrir fiskiskip.
- 1.02.2. Reglur þessar gilda fyrir ný skip, sem kjölur er lagður að eftir gildistöku reglnanna.
- 1.02.3. Reglur þessar gilda um notuð skip eftir því sem við á og eðlilegt getur talist, þegar tekið er tillit til hönnunar skipsins og þeirra verklegu vandamála, sem breytingar á vistarverum hafa í för með sér.
 Fyrir notuð skip getur Siglingamálastofnunin krafist breytinga á vistarverum áhafnar, ef þær eru álitnar ófullnægjandi frá hollustu- og heilbrigðis-sjónarmiði. Siglingamálastofnunin leiti álits Heilbrigðiseftirlits ríkisins, ef ástæða er til að ætla, að vistarverur geti verið heilsuspillandi.
- 1.02.4. Þegar reglurnar öðlast gildi, skal farið eftir þeim eins og mögulegt er varðandi skip, sem þegar er í smíðum eða fullbúið, og tekið hefur verið tillit til hönnunar skipsins og þeirra verklegu vandamála, sem breytingar á vistarverum hafa í för með sér. Á fullsmíðuðum skipum skulu þó minniháttar breytingar gerðar á einstökum svefnklefum, og búnaður í þeim lagfærður sem fyrst og í síðasta lagi 3 árum eftir að reglurnar tóku gildi. Meiri háttar breytingar, svo sem innrétting nýrra klefa, stækkun eða tilfærsla klefa, skal skipulögð með góðum fyrirvara.
- 1.02.5. Breytingar séu gerðar, þegar skipið er í meiri háttar viðgerð eða endurbyggingu.

Siglingamálastofnunin skal ræða við eigendur þeirra skipa, sem hér er getið að framan og samtök sjómanna um þau vandamál, sem upp koma, þegar teikningar brjóta í bága við reglurnar að verulegu leyti. Siglingamálastjóri ákveður síðan, hvaða kröfur skuli gerðar vegna þeirra verklegu vandamála, sem upp koma vegna endurbygginga eða breytinga í samræmi við reglurnar.

1.02.6. Siglingamálastofnun ríkisins ákveður, að hve miklu leyti hægt er að leyfa frávik frá reglunum, þegar um er að ræða:

1.02.6.1. Ferjur, þar se mskipverjar búa ekki að staðaldri um borð.

1.02.6.2. Vistarverur fyrir viðgerðarmenn eða aðra, sem um stundarsakir eru með skipinu umfram áhöfn þess

1.02.6.3. Skip ætlað fyrir stuttar ferðir, þar sem skipverjar geta búið í landi.

1.03.0. Teikningar.

Eftirtalдар teikningar skal senda Siglingamálastofnun ríkisins í þríriti til athugunar og samþykktar með nægilegum fyrirvara, svo að athugun á þeim geti farið fram, áður en vinna hefst við innréttingar eða breytingar á vistarverum. Þegar verki er lokið, skal senda séreintak af endanlegum teikningum með innfærðum öllum breytingum.

1.03.1. Fyrirkomulagsteikningu; hliðarmynd og grunnmynd.

1.03.2. Teikningu af vistarverum í nýjum skipum í hlutfalli minnst 1:50, sem sýnir hvernig fyrirhugað er að nýta rými; staðsetningu á skipsmunum (innanstokksmunir) hreinlætisaðstöðu og búnað; fyrirkomulag á lýsingu og hitun, útgönguleiðir ásamt neyðarútgöngum; stiga, breidd þeirra o. s. frv. Flatarmál hvers svefnklefa (sjá 3.10.0.) skal skráð á teikningar.

1.03.3. Teikningu með tæknilegri lýsingu af loftræstikerfi vistarvera.

1.03.4. Teikningu með lista yfir þau efni, sem nota á í vistarverur þ. e. þil, yfirborðsefni, einangrun, gólf (dúkar, flísar o. fl.) undirlagsefni í gólf o. s. frv.

1.03.5. Við minniháttar breytingar á vistarverum er nægjanlegt að senda fyrirkomulags-teikningu og sér-teikningar af því, sem á að breyta.

1.03.6. Þar, sem einhverjar ofantaldra teikninga hafa reynst ófáanlegar fyrir notuð skip, geta starfsmenn Siglingamálastofnunar skoðað viðkomandi skip, til þess að afla frekari upplýsinga.

2.00. Sameiginleg ákvæði um vistarverur áhafnar.

2.04.0. Almennt um vistarverur.

2.04.1. Vistarverur skulu vera þannig staðsettar, að tryggð sé vörn gegn veðri og sjó, hita og kulda, hávaða eða lykt frá öðrum rýmum. Einangrun gegn hávaða skal vera fullnægjandi svo og nauðsynleg skyrðing (skorðun) til að koma í veg fyrir of mikinn hávaða. Frá hverri íbúðarhæð skulu að jafnaði vera minnst tvær útgönguleiðir, sem lengst hvor frá annarri. Sömu-leiðis skulu vera neyðarútgangar þar, sem þörf er á.

Neyðarútgangar skulu að jafnaði vera á öllum blindgöngum, sem eru lengri en 3 metrar. Þó þurfa slíkir gangar ekki að vera búnir neyðarútgangi, ef hægt er að nota glugga eða kýrauga, sem undankomuleið út á þilfar frá vistarverum.

2.04.2. Staðsetning svefnklefa skal háð samþykki Siglingamálastofnunar ríkisins. Á tankskipum skulu vistarverur áhafnar ekki vera staðsettar yfir farm-

geymum, sorageymum, dælurýmum fyrir affermingardælur eða þurrými milli farmgeyma eða sorageyma og annarra hluta skipsins.

2.04.2.1. Gólf í svefnklefum skulu jafnan vera hærri en sumarhleðsluborðið þó með þeim undantekningum, sem getið er um í 2.04.2.2. og 2.04.2.3.

2.04.2.2. Í farþegaskipum og öðrum skipum undir 500 rúml. getur Siglingamálastofnun ríkisins leyft að gólf í svefnklefum sé 1.0 m. undir sumarhleðsluborði.

Ljósop í skipssíðum skulu staðsett samkvæmt alþjóðahleðslumerkja-samþykkt, sem í gildi er á hverjum tíma.

2.04.2.3. Á farþegaskipum, þar sem gerð og notkun gerir það nauðsynlegt, má gólf í svefnklefum vera allt að 1.0 m. undir sumarhleðsluborðinu og sleppa má ljósopum.

2.04.2.4. Ekki má vera op inn í svefnklefa frá vélarrými, borðsal, eldhúsi, sameiginlegum þurrklefa, snyrti- og baðklefum, eða sameiginlegum salernum. Í snyrti- og baðklefa má vera beinn aðgangur úr svefnklefa, þegar hann er aðeins ætlaður fyrir íbúa þess svefnklefa. Snyrti- eða baðklefi má vera tengdur tveim einsmanns svefnklefum. Ekki má vera aðgangur frá vistarverum áhafnar til lestarrýmis, dælurýmis, geymslna fyrir málningu, véla-varahluti og annarra sambærilegra geymslna.

2.04.3. Borðsalur og setustofa skulu staðsett með samþykki Siglingamálastofnunar ríkisins. Borðsalur skal vera eins nálægt eldhúsi og mögulegt er.

2.04.4. Snyrtiklefar, baðklefar og salerni skulu vera sem næst svefnklefum.

2.04.5. Sjúkraklefi skal vera í námunda við aðrar vistarverur, vel aðgengilegur og þannig fyrirkomið, að eins vel fari um sjúklinga og frekast er kostur og hægt sé að veita viðeigandi hjúkrun hvernig sem viðrar.

Sjúkraklefi skal vera sem lengst frá skipsskrúfunni, vélarými, vélareisn og blásurum.

2.04.6. Leiðir til venjulegra útganga og neyðarútganga skulu merktar með sjálflysandi örvum eða á sambærilegan öruggan hátt og sjálfar dyrnar merktar á áberandi stað, annað hvort yfir dyrunum eða við hliðina á þeim með orðinu „ÚTGANGUR“ eða „NEYÐARÚTGANGUR“ á íslensku, og ef nauðsyn krefur, á einhverju öðru tungumáli.

2.05.0 **Gerð vistarvera.**

2.05.1. Vistarverur áhafnar skulu vera þannig gerðar, að þær veiti örugga vöru gegn veðri og sjó. Þær skulu vera nægjanlega einangraðar gegn hita, kulda, hávaða og ólykt frá öðrum rýmum.

2.05.2. Útveggir í vistarverum skulu vera nægjanlega einangraðir. Einangrunin má ekki hafa herra K-gildi en 0.75 og vera af viðurkenndri gerð. Einangra skal á þann hátt, að sem minnst saggamyndun geti átt sér stað.

2.05.3. Vélareisnir, upphitaðir oliugeymar og eldhúsveggir, sem liggja að vistarverum áhafnar, einnig gufulagnir eða heitavatnslagnir í vistarverum áhafnar skulu vera nægjanlega einangraðar, þar sem aðstæður eru þannig, að einangrun er nauðsynleg. Milliveggir skulu vera úr viðurkenndu efni. Stálþilfar, sem myndar þak eða gólf í svefnklefum eða borðsölum og verður fyrir ágangi veðra eða liggur að rýmum, sem ekki eru hituð upp, skulu vera vel einangruð og K-gildi einangrunarinnar skal ekki vera herra en 0,5. Einangrunin skal fest á fletina á tryggan hátt og neðan í loft skal einangrun lokað með klæðningu. Veggir og loft í svefnklefum og borðsölum skulu vera með slétt yfirborð, sem auðvelt er að halda hreinu. Gufurör og afgasrör fyrir spil eða líkan búnað, má ekki leggja gegnum vistarverur áhafnar, og þegar hægt er að koma því við, ekki í gegnum ganga, sem liggja

að vistarverum áhafnar. Þar, sem óhjákvæmilegt er að leggja þessi rör í gegnum ganga, skulu þau vera vel einangruð og lögð í stokkum.

- 2.05.4. Minnsta lofthæð í öllum vistarverum áhafnar skal vera 2.0 m., þó getur Siglingamálastofnun ríkisins leyft minni lofthæð á tilteknu svæði í vistarverum áhafnar, þegar gildar ástæður eru fyrir hendi og minni lofthæð er ekki til verulegra óþæginda fyrir áhöfnina.
- 2.05.5. Breidd á göngum skal eigi vera minni en hér segir:

Stærð í rúml.

Minnsta breidd ganga

Skip allt að 200 rúml.	0.75 m.
Skip 200 að 500 rúml.	0.85 m.
Skip 500 að 2000 rúml.	0.90 m.
Skip 2000 og stærri	1.00 m.

Breidd á dyraopum að svefnklefa og snyrtiklefa skal minnst vera 0.58 m. Breiddin á dyraopum að öðrum vistarverum, dyrum, sem skipta vistarverum, að göngum og stigaopum, skulu á skipum að 2000 rúml. ekki vera minni en 0.63 m. og á yfir 2000 rúml. eigi vera minni en 0.73 m. Æskilegt er að hurðir frá sameiginlegum sölum fyrir fleiri en 25 menn í sætum opnast út. Hurðir á vélárúmsreisu skulu vera sjálflokandi.

- 2.05.6. Gólf í öllum klefum skulu vera úr viðarkenndu efni með yfirborði, sem ekki tekur í sig raka og auðvelt er að halda hreinu. Mannop að oliugeymum mega ekki vera í svefnklefa né borðsal. Liggi svefnklefi eða borðsalur að oliugeymi, skal einangra með óbrennanlegri einangrun af gerð A-60.
- 2.05.7. Tryggja skal nauðsynlegt frárennsli vatns við útsúð.
- 2.05.8. Veggir í snyrtiklefum skulu vera úr stáli eða öðru viðurkenndu vatnshéttu efni.
- 2.06.0. Loftræsting.
- 2.06.1. Öll skip skulu búin vélknúnu loftræstikerfi í öllum vistarverum. Til skipa, sem keypt eru notuð til landsins, má þó gera vægari kröfur, og er loftræstibúnaðurinn þá háður sérstöku samþykki siglingamálastjóra.
- 2.06.2. Vistarverur áhafnar skulu vera vel loftræstar. Lofftintök skulu vera staðsett þannig, að innblásið loft sé hreint og loftræstikerfið skal vera vel stillanlegt, svo að það tryggi hita og nægjanleg loftskipti án óþægilegs dragsúgs óháð veðri og loftslagi.
- 2.06.3 Loftræsting frá sjúkraklefum, þvottaklefum og salernum skal vera bein og óhindruð og þannig fyrirkomið, að loft streymi ekki þaðan inn í aðrar vistarverur.
- 2.06.3.1. Loftræstikerfi fyrir vistarverur áhafnar skal vera það afkastamikið, að minnst 30 m³ af fersku lofti á mann á klukkustund verði blásið inn í svefnklefa. Annars staðar skulu vera 6 loftskipti á klukkustund.
- 2.06.3.2. Loftræstistokkar og einangrun á þeim skal vera úr óbrennanlegu efni. Loftræstistokkar að vistarverum áhafnar skulu vera með stillanlegum loka, og op mega ekki vera stærri en 0.05 m². Lokubúnaður skal vera úr óbrennanlegu efni.
- 2.06.3.3. Ef ekki er sjálfvirkur lokunarþúnaður, skal vera hægt að stöðva loftræstiblasarana frá einum eða fleiri stöðum utan vistarvera áhafnar, og auk þess frá stýrishúsi. Aðalinntaki svo og aðalrásur í loftræstikerfinu skal vera hægt að loka utan blásaraklefans, ef eldur kviknar í skipinu.
- 2.06.3.4. Til að tryggja að vélknúin loftræsting að vistarverum áhafna sé starfhæf að staðaldri skulu vera um borð:

Vara rafmótor fyrir hverja gerð rafmótora, sem notaðir eru í loftræstikerfinu; eða

Varahlutir fyrir hvern mótör.

- 2.06.3.5. Innblástur af fersku eða upphituðu lofti til salerna er aðeins leyfður, ef þar er vélknúði útsog, þannig að undirþrýstingur sé í salerninu.
- 2.06.4. Skip, sem hafa haffærisskirteini til millilandasiglinga, og sigla að jafnaði innan svæðis 30 gráður norður-breidd og 30 gráður suður-breidd, skulu vera búin fullkomnu loftræstikerfi fyrir vistarverur áhafnar, sem uppfyllir eftirfarandi lágmarkskröfur:
- 2.06.4.1. Þegar lofthiti úti er $+ 35^{\circ}\text{C}$ með um 70% rakainnihaldi, skal vera hægt að halda hitastigi inni $+ 29^{\circ}\text{C}$ með um 50% rakainnihaldi. Ekki má nota meira en 50% af loftinu aftur (endurnýtingu lofts).
- 2.06.4.2. Kælivélar loftræstikerfisins skulu ennfremur vera þannig gerðar, að þegar lofthiti úti er $+ 28^{\circ}\text{C}$ og með um 80% rakainnihaldi, sé hægt að halda loft-hita inni $+ 24^{\circ}\text{C}$ með rakainnihaldi um 50%.
- 2.06.4.3. Framanskráðar kröfur 2.06.4.1. og 2.06.4.2. verður að uppfylla miðað við það loftmagn, sem tekið er fram í 2.06.1.1.
- 2.06.4.4. Nauðsynlegir varahlutir til að tryggja öruggan rekstur loftræstingakerfisins skulu vera um borð.
- 2.06.5. Loftræstikerfið/loftkælikerfið skal vera í gangi, þegar áhöfnin býr eða vinnur um borð, og ytri aðstæður gera það nauðsynlegt að mati skipstjóra.
- 2.07.0. **Upphitun.**
- 2.07.1. Vistarverur áhafnar skulu vera upphitaðar. Svefnklefar og borðsalir skulu vera upphitaðir, þannig að hitamismunur í rýminu sé hvergi meiri en 5°C . Upphitunarkerfið skal vera það afkastamikið, að hægt sé að halda að minnstakosti $+ 20^{\circ}\text{C}$ í svefnklefum og borðsölum, hvernig sem veðurfar er. Upphitunarkerfið skal vera í gangi, þegar áhöfnin eða hluti áhafnar býr eða vinnur um borð og aðstæður krefjast þess að mati skipstjórans.
- 2.07.2. Í vistarverum skulu ekki vera oliuofnar eða gasofnar til upphitunar.
- 2.07.3. Hitagjafar skulu vera staðsettir þannig og um þá þannig búið, að eldhætta, óþægindi eða hætta fyrir fólk sé sem minnst. Þennan búnað má ekki fjarlægja eða rýra.

2.08.0. LÝSING.

- 2.08.1. Lýsing í vistarverum áhafnar skal vera fullnægjandi.
- 2.08.2. Ef ekki eru tveir rafmagnsljós-gjafar óháðir hvor öðrum til lýsingar, skal vera varaljósbúnaður, hentugir lampar eða ljósker.
- 2.08.3. Lýsing er fullnægjandi, þegar eftirtalin atriði eru uppfyllt:
- 2.08.3.1. Meðallýsing í hverjum svefnklefa, borðsal og dagstofu skal vera að minnsta kosti 150 lux.
- 2.08.3.2. Á skrifborðum í svefnklefum, borðsal og dagstofu skal lýsingin vera minnst 300 lux.
- 2.08.3.3. Baðklefar og salerni skulu vera búin lýsingu, sem að minnsta kosti nær 100 lux og við snyrtispegilinn minnst 200 lux.
- 2.08.3.4. Lýsing í stigagöngum og forstofum skal vera minnst 100 lux.
- 2.08.4. Við hverja hvílu skal vera leslampi.
- 2.08.5. Við útreikning á meðaltals lýsingu í klefa, skulu öll rafmagnsljós, sem venjulega eru í notkun, talin með. Þegar mæling á lýsingu er gerð, skal vel dregið fyrir alla glugga, hurðir lokaðar o. s. frv. Þar skulu að minnsta kosti gerðar fimm mælingar (ein mæling í miðjum klefa og ein í hverju horni). Mælingarnar skal gera í láréttum fleti 1.0 m. yfir gólf.

2.08.5.1. Á skipum, sem eingöngu eru búin rafölum, sem knúðir eru af aðalvél skipsins, skal í dagstofum, svefnklefum, borðsölum, göngum og stigagöngum, vera nægjanlegur fjöldi ljósastæða, sem fær straum frá rafgeymum.

2.08.6. Æskilegt er að stöðugt blátt ljós sé í svefnklefum að næturlagi, þar sem fleiri en einn búa.

3.00. SÉRSTÖK ÁKVÆÐI UM HINA ÝMSU HLUTA VISTARVERANNA.

3.09.1. Á skipum 100 rúml. og stærri skulu yfirmenn hafa hver sinn svefnklefa. Í svefnklefanum skal vera handlaug með rennandi heitu og köldu vatni.

3.09.2. Á öðrum skipum en farþegaskipum, 1000 rúml. að stærð og stærri, skulu vera einmanns svefnklefar fyrir alla skipverja, sem eru 18 ára og eldri. Þó skal í þessu tekið tillit til notkunar skipsins.

3.09.3. Svefnklefar skulu að jafnaði ekki vera fyrir fleiri en einn mann.

3.09.4. Eftir því sem framast er unnt, skal áhöfninni þannig skipað í svefnklefa, að menn, sem ganga vaktir á mismunandi tímum, séu ekki saman í svefnklefa, og dagmenn séu ekki í klefa með þeim, sem ganga vaktir.

3.09.5. Læsing skal vera á dyrum, og á skilti skal tilgreina fyrir hverja og hve marga klefinn er ætlaður.

3.10.0. STÆRÐ SVEFNKLEFA.

3.10.1. Flatarmál gólfs í eins manns klefa skal eigi vera minna en sem hér segir:

Í skipum undir 500 rúml.	3.40 m ²
Í skipum 500 rúml. en minni en 3000 rúml.	3.75 m ²
Í skipum 3 000 rúml. en minni en 10 000 rúml.	4.25 m ²
Í skipum 10 000 rúml. og stærri	4.75 m ²

3.10.2. Flatarmál gólfs fyrir hvorn skipverja í tveggja manna klefa, skal eigi vera minna en sem hér segir:

Í skipum undir 500 rúml.	2.60 m ²
Í skipum 500 rúml. en minni en 3 000 rúml.	2.75 m ²
Í skipum 3 000 rúml. en minni en 10 000 rúml.	3.25 m ²
Í skipum 10 000 rúml. og stærri	3.75 m ²

3.10.3. Flatarmál gólfs í eins manns klefa skipverja skal í farþegaskipi eigi vera minna en sem hér segir:

Í skipum undir 500 rúml.	2.10 m ²
Í skipum 500 rúml. en minni en 3 000 rúml.	2.35 m ²
Í skipum 3 000 rúml. og stærri	3.75 m ²

Í svefnklefum, sem ætlaðir eru fyrir tvo eða fleiri menn, skal ætla hverjum manni 3.0 m² gólfflatar hið minnsta í farþegaskipi 3 000 rúml. og stærri.

3.10.4. Í svefnklefum yfirmanna skal ætla hverjum manni gólfflöt sem hér segir, enda sé yfirmanni þeim, sem í hlut á, ekki ætluð einka-dagstofa eða sam-eiginleg dagstofa:

Í skipum minni en 500 rúml.	5.25 m ²
Í skipum 500 rúml. en minni en 3 000 rúml.	6.50 m ²
Í skipum 3 000 rúml. og stærri	7.50 m ²

3.10.5. Í skipum 3 000 rúml. og stærri skulu skipstjóri og yfirvélstjóri hafa sam-liggjandi dagstofu eða einkadagstofu auk svefnklefa.

3.10.6. Við mælingu á gólfflatarmáli skal sá hluti flatarins, sem fer undir hvílur, skápa, dragkistur og bekki, teljast til gólfflatar. Ekki skal reikna gólfflöt

minni óreglulega lagaða gólfleti, sem ekki auka á möguleika til að hreyfa sig. Hlutar af hallandi veggjum, þar sem komið er fyrir hvílum, skápum, dragkistum eða bekkjum, skulu ekki taldir með við útreikning á flatarmáli gólfs. Fjarlægð frá rúmstokki að vegg á móti, skal minnst vera 0.70 m. mælt frá miðri hvílu.

3.11.0. HVÍLUR.

3.11.1. Sérhver skipverji skal hafa eigin hvílu. Stærð hvílu skal í skipum 1 000 rúml. og stærri vera minnst: Lengd 2.00 m. breidd og 0.80 m. hvorutvegga innanmál. Í skipum undir 1 000 rúml. skulu hvílur vera minnst 2.00 m. langar og 0.75 m. breiðar að innanmáli. Í svefnklefum fyrir einn mann í skipum undir 500 rúml. má hvílan vera svefnsófi, enda sé undir honum skúffa eða sambærilegt rými fyrir rúmfötin.

3.11.2. Hvílubotninn skal ekki vera nær gólfi en 30 cm. Ekki mega vera nema tvær hvílur hvor yfir annarri. Botn efri hvílu skal vera miðja vegg milli loftklæðningar og botns í neðri hvílu. Eftir því sem við verður komið, skulu hvílur ekki vera við útsúð eða við úthlið yfirbygginga, þegar þær eru í fullri breidd skipsins, en sé svo, þá aðeins ein hvíla í hæðina. Séu hvílur staðsettar við útsúð eða útveggi, skal K-gildi einangrunarinnar ekki vera hærra en 0,3.

3.11.3. Í hvílum skulu vera dýnur úr viðurkenndu efni. Utan um dýnurnar skal vera áklæði úr viðurkenndu efni. Botn í efri hvílum skal vera rykþéttur.

3.11.4. Í svefnklefum, sem ætlaðir eru fleirum en einum manni, skulu vera tjöld fyrir hvílum.

3.12.0. BÚNAÐUR SVEFNKLEFA.

3.12.1. Í svefnklefum skal vera læsanlegur fataskápur fyrir hvern þann mann, sem klefinn er ætlaður fyrir.

3.12.1.1. Skápurinn skal að innan vera minnst 180 cm hár og að grunnfleti minnst 50x60 cm.

3.12.1.2. Hilla skal vera í skápnunum og slá undir til að hengja fót á.

3.12.2. Í hverjum svefnklefa skal að minnsta kosti vera 0.06 m³. læsanleg skúffa fyrir hvern mann.

3.12.3. Í svefnklefum skulu vera þægileg sæti fyrir þá, sem klefinn er ætlaður. Í hverjum klefa skal auk þess vera einn stóll.

3.12.4. Í hverjum svefnklefa skal vera það stórt borð og þannig fyrir komið, að hægt sé að skrifa við það. Nota má felliborð eða drag-borð.

3.12.5. Í hverjum svefnklefa skal vera spegill, smá skápur eða skúffur fyrir snyrti-áhöld. bókahilla og gluggatjöld. Spegill og skápur fyrir snyrtiáhöld má vera í baðherbergi, sem innangengt er í frá svefnklefa.

3.12.6. Hverjum skipverja skal ætla læsanlegan skáp með snögum til geymslu á vinnu- og hlífðarfatnaði. Frá þeim stað skal vera innangengt í vistarverur. Stærð hvers skáps skal vera minnst 0.35x0.30x1.70 m. og þeir skulu vera með loftræstiopum efst og neðst.

3.13.0. BORÐSALIR, UPPÞVOTTAKLEFAR, DAGSTOFUR OG SKRIFSTOFUR.

3.13.1. Í öllum skipum skal vera borðsalur fyrir áhöfnina. Í skipum 500 rúml. og stærri er heimilt að hafa sérstakan borðsal fyrir yfirmenn. Í farþegaskipum þarf ekki að ætla þeim yfirmönnum, sem að jafnaði borða í borðsal farþeganna, sæti í borðsal skipverja.

3.13.2. Flatarmál gólfs í borðsölum skal vera minnst 1.0 m² á hvern skipverja, sem ætlað er að matast þar og þannig fyrir komið, að allir geti matast sam-

- tímis. Í farþegaskipum þarf borðsalur ekki að vera stærri en það, að allir þeir, sem ætla má að matist á sama tíma, fái sæti.
- 3.13.3. Í borðsölum skulu vera eitt eða fleiri borð af hentugri stærð. Hverjum manni skal ætla borðflöt, sem er minnst 0.60 m. langur og 0.40 m. breiður. Borð og stólar (bekkir) skulu staðsettir, þannig að aðgangur að borðinu sé sem greiðastur. Borðplötur og stólsetur skulu vera úr viðurkenndu efni, sem auðvelt er að halda hreinu og ekki er hætt við sprungum. Stólar og bekkir skulu vera með baki.
- 3.13.4. Þegar skipverjar eru um borð, skal á skipum 50 rúml. og stærri, ætíð vera aðgangur að:
- 3.13.4.1. Kælisráp, sem haganlega er fyrirkomid og er nægjanlega stór fyrir þann fjölda skipverja, sem nota borðsal eða borðsali.
- 3.13.4.2. Í skipum 200 rúml. og stærri skal auk þess vera aðstaða til að laga heita drykki, og aðgangur að köldu neysluvatni.
- 3.13.5. Í skipum 500 rúml. og stærri skal vera annaðhvort sérstakur klefi fyrir uppþvott eða sérstakur hluti af öðru rými, heppilega innréttad, útbúið með tvöföldum vaski með afrennsli. Þetta gildir einnig fyrir skip, sem eru búin uppþvottavél. Í verksmiðjuskipum og öðrum skipum, sem hafa meira en 30 manna áhöfn, og á farþegaskipum, þar sem matur er framleiddur og matar-áhöld þvegin upp, skal vera uppþvottavél eða búnaður til sóttþreinsunar mataráhalda.
- 3.13.6. Í skipum 500 rúml. og stærri, skal vera minnst ein dagstofa fyrir áhöfn, vel staðsett með tilheyrandi búnaði.
- 3.13.6.1. Ef í skipi eru ekki sérstakar dagstofur, skulu borðsalir vera hannaðir og búnir þannig húsgögnum og öðrum búnaði, að nota megí þá sem dagstofur.
- 3.13.6.2. Í dagstofu skal að minnsta kosti vera ein bókahilla, aðstaða til lesturs og skriftar, og þar sem það er mögulegt, til að spila og tefla.
- 3.13.6. Í skipum 8 000 rúml. og stærri, skal vera sameiginlegur samkomusalur eða bókasafn fyrir alla áhöfnina, þar sem sýna má kvikmyndir og horfa á sjónvarp. Þá skal og vera rými til tómstundaiðkana. Þegar farsvið gefur tilefni til, skal og vera sundlaug af hæfilegri stærð í skipinu.
- 3.13.6.4. Þar sem það er mögulegt og eðlilegt, skal í sambandi við hönnun á dagstofu gera ráð fyrir aðstöðu til veitinga.
- 3.13.7. Í skipum 3 000 rúml. og stærri skal yfirstýrimaður og bryti, hvor um sig, hafa sérstakan klefa, útbúinn sem skrifstofa, sé ekki slík sérstök aðstaða til skrifstofustarfa í vistarverum þeirra. Einnig má nota sameiginlega skrifstofu, enda sé hún nægjanlega stór og þannig búin, að krafan um sérstaka skrifstofuaðstöðu sé uppfyllt eins og hægt er.
- 4.00. **SÉRSTÖK ÁKVÆÐI UM ÖNNUR RÝMI O. FL. — BAÐKLEFAR O. FL.**
- 4.01.1. Í skipum undir 200 rúml. skal vera minnst einn baðklefi og/eða þvottaklefi. Í skipum 200 rúml. og stærri skulu vera sér -þvotta- og/eða baðklefar fyrir yfir- og undirmenn og á farþegaskipum 2 500 rúml. og stærri, skal eldhús og þjónustufólk hafa sér -baðklefa eða þvottaklefa. Á farþegaskipum stærri en 2 000 rúml., þar sem konur eru skráðar í áhöfn, er æskilegt að sér -baðklefi sé fyrir þær.
- 4.01.2. Í baðklefum skal vera rennandi heitt og kalt vatn. Í þvottaklefum skal vera að minnsta kosti einn vaskur á hverja 3 menn, sem hann er ætlaður fyrir. Á verksmiðjuskipum og öðrum skipum, sem notuð eru til lengri leiðangra, og áhöfn er 30 menn eða meira, skulu þvottaklefarir vera útbúnir með einum vaski fyrir hverja 5 menn, sem þvottaklefinn er ætlaður fyrir.

4.01.3. Í þvottaklefum eða í sérstökum klefum nálægt þvottaklefa, skal vera steypibað eða baðker með rennandi heitu og köldu vatni fyrir hverja 5 menn, sem klefinn er ætlaður fyrir. Ef steypibað eða baðker er staðsett í þvottaklefa, skal frárennsli vera þannig, að vatn renni ekki um allt gólf klefans.

Í þvottaklefum fyrir fleiri en einn mann, skal vera hengi fyrir steypibaði eða baðkeri.

4.01.4. Á skipum 5 000 rúml. og stærri, skal við svefnklefa hvers yfirmanns vera sér snyrtiklefi með salerni, handlaug, steypibaði eða baðkeri. Á skipum 1 600 rúml. og stærri, þar sem ekki eru sérstakir snyrtiklefar ætlaðir fyrir vélstjóra og aðstoðarmenn í vél í nágrenni vélarúms, skal vera klefi til að hafa fataskipti. Klefinn skal vera staðsettur utan vélarúms með greiðum aðgangi þangað og vera búinn fataskáp fyrir hvern mann, baðkeri eða steypibaði og handlaugum.

4.01.5. Á skipum 25 000 rúml. og stærri, öðrum en farþegaskipum, skal vera snyrtiklefi fyrir hverja tvo skipverja annað hvort milli tveggja samliggjandi svefnklefa eða við inngang þeirra. Þar skal vera salerni, baðker eða steypibað og handlaug.

4.01.6. Á skipum 5 000 rúml. og stærri, öðrum en farþegaskipum, skal í öllum svefnklefum yfir- og undirmanna vera handlaug, nema þar sem handlaug er í snyrtiklefa samanber 4.14.4. og 4.14.5.

4.01.7. Handlaugar og baðker skulu vera úr viðurkenndu efni.

4.01.8. Við ákvörðun fjölda handlauga og steypibaða samkvæmt 4.01.2. og 4.01.3., skulu þeir skipverjar, sem hafa eigin handlaug eða steypibað í eða við svefnklefa, ekki taldir með. Við útreikning á fjölda handlauga eða steypibaða fram yfir 1, má sleppa lægri tölu en hálfum, en hálfur eða meira er hækkað upp.

4.02.0. ÞVOTTA- OG ÞURRKKLEFI FYRIR FÖT.

4.02.1. Á skipum 100 rúml. og stærri skal vera þvottavél og aðstaða til að þvo og þurrka föt, að því marki, sem hentar stærð áhafnar og tímalengd úti-vistar. Þar skal og vera heppilegur vaskur með rennandi heitu og köldu vatni.

Aðstaða til að þurrka föt skal vera á heppilegum stað, aðskilið frá svefnklefum og borðsal. Þar skal vera góð loftræsting og upphitun og svo og snúrur til að hengja föt á.

4.02.2. Á skipum 500 rúml. og stærri skal vera aðstaða til þvotta, þurrkunar og straujunar fyrir skipverja. Í þvottaklefa skal vera rennandi heitt og kalt vatn. Auk þess skal vera eftirfarandi: Þurrkari eða nægjanlega upphitað og loftræst þurrkherbergi, straujárn, straubretti eða sambærilegur útbúnaður.

4.03.0. SALERNI.

4.03.1. Skip, sem falla undir reglurnar, 4.01.5., skulu búin einu salerni fyrir hverja 6 skipverja eða færri.

4.03.1.1. Í hverju skipi skulu salerni ekki vera færri en hér segir:

Stærð skips.

Fjöldi salerna.

Undir 150 rúml.	1
150 rúml. að 500 rúml.	2
500 rúml. að 1 200 rúml.	3
1 200 rúml. að 3 000 rúml.	4
3 000 rúml. og yfir	6

4.03.1.2. Þegar skipverjar eru 50 eða fleiri af sama kyni, þarf ekki að vera nema 1 salerni fyrir hverja 25 menn, sem eru umfram 50.

- 4.03.1.3. Á salernum skal vera handlaug með rennandi heitu og köldu vatni.
- 4.03.2. Þar, sem kvenmenn eru í áhöfn, er æskilegt að þeim séu ætluð sér salerni.
- 4.03.3. Salernishurðir skulu vera læsanlegar.
- 4.04.0. **SJÚKRACLEFAR.**
- 4.04.1. Á skipum í millilandasiglingum með fleiri en 12 menn í áhöfn, skal vera sérstakur sjúkraklefi. Þegar sjúkraklefa er ekki þörf fyrir sjúklinga, er leyfilegt að nota hann til annars, ef sérstaklega stendur á.
- 4.04.2. Í sjúkraklefum skal vera, að minnsta kosti sami gólfflötur og ákveðið er fyrir svefnklefa. Í sjúkraklefa fyrir 1 mann, skal þó að minnsta kosti vera 4.0 m² gólfhlötur.
- 4.04.3. Fjöldi hvíla í sjúkraklefa skal vera sem hér segir:
Áhöfn 17 menn eða færri 1 hvíla.
Áhöfn 18 menn eða fleiri 2 hvílu.
- 4.04.4. Inngangur í sjúkraklefa skal vera minnst 0.73 m. breiður og skal þannig fyrirkomid, að sjúkrabörur með sjúkling á geti óhindrað komist í gegn.
- 4.04.5. Í sjúkraklefa skal, auk venjulegrar rafmagnslýsingar, vera tengi fyrir rafmagnslampa.
- 4.04.6. Við hverja hvílu skal vera bjölluhnappur eða annar búnaður, þannig að kalla megj á hjálp.
- 4.04.7. Í sjúkraklefa skal vera fataskápur fyrir hvern sjúkling og skápur, sem geyma má hægðaskál í. Í sjúkraklefa og í salerni sjúkraklefans, skal vera minnst ein handlaug með sápuhaldara.
- 4.04.8. Dyr að sjúkraklefum skulu merktar með skilti: SJÚKRACLEFI.
- 4.05.1. Á skipum 250 rúml. og stærri, skal vera sér salerni og handlaug með rennandi heitu og köldu vatni, nálægt stýrishúsi og kortaklefa, ætluð þeim, sem eru þar á vakt.
- 4.05.2. Á skipi, þar sem loftskeytamaður er, skal vera salerni og handlaug með rennandi heitu og köldu vatni nálægt loftskeytaklefa.
- 4.05.3. Á skipum 1 000 rúml. og stærri skal vera sérstakt vel merkt salerni um borð ætlað hafnarverkamönnum, með eins greiðan aðgang af þilfari og við verður komid.
- 4.05.4. Þegar starfslið í eldhúsi er 4 eða fleiri, skal vera sérstakt salerni og handlaug með rennandi heitu og köldu vatni nálægt eldhúsi.
- 4.05.5. Salernisskál og seta skal vera úr viðurkenndu efni. Skolkerfið skal vera fullvirkt við öll hitaskilyrði. Tryggja skal að skolvatn í geymum og leiðslum um frjósi ekki við þær aðstæður, sem eru eðlilegar á farsviði skipsins. Gengið skal vel frá frárennsli og gæta skal að hafa frárennslisrörið hæfilega stórt. Ekki má leggja það gegnum drykkjarvatnsgeyma og ekki upp undir loft matsalar eða svefnklefa.
- 4.05.6. Á salernum skal alltaf vera nægur salernispappír og handþurrkur, eða heitur blástur.
- 4.05.7. Í skipum, sem búin eru sjúkraklefa, skal í tengslum við hann eða sem næst honum, vera salerni og handlaug með rennandi heitu og köldu vatni, sem eingöngu skal nota af sjúklingum.
- 4.06.0. **ÝMIS BÚNAÐUR.**
- 4.06.1. Á skipum, sem sigla í hitabeltinu eða á farsvæðum, þar sem skordýr eru plága, skal vera búnaður til verndar vistarverum áhafnarinnar. Sérstök net, sem setja má fyrir opnanlega glugga, loftrásir, loftræstikerfi og dyr út á opið þilfar. Í klefum, sem búnir eru fullkomnu loftræstikerfi (sjálfvirk hita og rakastilling, sbr. 2.06.5.) er nægjanlegt að hafa net fyrir útgöngu-dyr út á gang.

- 4.06.2. Skipverjar skulu hafa aðgang að einu eða fleiri opnum svæðum á þilfari. Stærð þessa svæðis skal miðast við stærð skips og fjölda skipverja og skal á flutningsskipum ekki vera minna en 3m^2 á mann. Þó þarf sam-
anlagt flatarmál þessara svæða að jafnaði ekki að vera yfir 60m^2 .
- 4.06.3. Skip, sem að jafnaði sigla í hitabeltinu eða Persaflóa, skulu búin sólskýli yfir opnu þilfari, yfir dagstofum og borðsólum, eldhúsi og yfir hvíldarstöð-
um á þilfari. Þar, sem áhöfnin getur verið undir föstu sólskýli, skal um-
hverfis sólpilfarið vera traust fast handrið. Við önnur sólskýli, sem að jafn-
aði eru ekki ætluð til afnota fyrir áhöfnina til dvalar, má nota lausar stoðir
í góðum festingum, þar sem stálvír er strengdur á milli stoða eða kant-
prófill nægjanlega sterkur, minnst 0.15 m. að hæð við ytri brún. Handrið
skulu vera nægjanlega há og nægjanlega margar stoðir og slár eða strekkjur
vír milli stoða. Bilið undir neðstu slá má ekki vera nema 0.23 m. Þegar
ekki er hægt að nota sólskýli fyrir áhöfnina, skal setja upp skilti, sem
bannar afnot af því. Föst sólskýli skulu vera úr viðurkenndu efni. Yfir
vistarverum með fullkomnu loftræstikerfi má sleppa sólskýlum.
- 5.00. **HREINLÆTI.**
- 5.01.0. **Hreingerning og viðhald.**
- 5.01.1. Eldhús og borðsal skal þrifa daglega og setustofu reglulega eftir þörfum.
- 5.01.2. Aðalhreingerning á öllum vistarverum áhafna, göngum og stigum, skal gerð
eftir að skipi hefur verið lagt og eftir viðgerðir, sem valdið hafa óhreinind-
um á staðnum. Þegar sérstakar ástæður eru eins og t. d. eftir smitandi
sjúkdóm, skal farið að samkvæmt Sóttvarnarlögum. og Farsóttarlögum.
Við aðalhreingerningu skal loft, veggir, gólf og öll húsgögn, sem það þola,
þvegið með heitu vatni og sápu eða öðru hreinsiefni. Svefnklefa skal gera
hreinan í hvert sinn, er mannaskipti verða.
- 5.01.3. Á innfluttum skipum, sem ekki eru nýsmíði, skal framkvæmd aðalhrein-
gerning og sóttthreinsun á öllum vistarverum, áður en notkun hefst.
- 5.01.4. Ef í ljós kemur, að meindýr eru í vistarverum, skal það tilkynnt skipstjóra
tafarlaust. Slíkum meindýrum skal eyða eins fljótt og hægt er. Þar til þetta
hefur verið framkvæmt, getur Siglingamálastofnunin bannað notkun vistar-
veranna. Framkvæmd eyðingar fer fram samkvæmt Sóttvarnarlögum.
Eyðingin skal framkvæmd, þannig að hvorki lífi né heilsu fólks sé hætt
búin. Ef gas er notað til eyðingarinnar, skal fylgja nákvæmlega þeim regl-
um, sem gilda á því svæði, sem skipið er statt á, þegar eyðing fer fram.
- 5.01.5. Undir eftirliti og á ábyrgð skipstjóra, skulu fyrsti stýrimaður, yfirvélstjóri
og bryti eða matsveinn fylgjast með málningu og hreingerningu, hver á
sínu starfssviði. Þegar stórhreingerning eða sóttthreinsun hefur verið gerð,
skal það, að loknu eftirliti, fært inn í dagbók skipsins.
- 5.01.6. Til þess að hindra hugsanleg skaðleg áhrif frá efnum og áhöldum, sem eru
í notkun við hreinsun vistarvera, skal vera geymsla fyrir þessi efni og tæki.
- 6.00.0 **UNDANÞÁGUR, REFSINGAR O. FL.**
- 6.01.0. **Undanþágur.**
Siglingamálastofnunin getur leyft frávik frá ákvæðum þessara reglna, þegar
aðstæður um borð í einstökum skipum réttlæta það, frávikin eru óveruleg,
og brjóta ekki í bága við lög og reglugerðir um heilbrigðismál, eða alþjóða-
samþykktir, sem Ísland er aðili að.
- 6.02.0 **Refsingar.**
Brot á reglum þessum varða refsingu samkvæmt I. kafla laga nr. 52, 12. maí
1970, um eftirlit með skipum.

6.03.0 Kynning.

Eintak af reglum þessum skal vera í hverju skipi og aðgengilegt fyrir alla um borð.

6.04.0 Reglur þessar eru settar samkvæmt lögum nr. 52 12. maí 1970, um eftirlit með skipum og staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi IX. kafli reglna nr. 11/1953, um eftirlit með skipum, að því er tekur til vistarvera áhafna flutningaskipa og farþegaskipa.

Samgönguráðuneytið, 26. nóvember 1979.

Magnús H. Magnússon.

Brynjólfur Ingólfsson.

S A M Þ Y K K T**um sýsluvegasjóð í Suður-Þingeyjarsýslu.****1. gr.**

Í Suður-Þingeyjarsýslu skal vera sýsluvegasjóður. Skal úr þeim sjóði greiða kostnað við viðhald og lagningu sýsluvega samkv. 2. gr., í samræmi við staðfesta sýsluvegaáætlun, sbr. þó 52. gr. vegalaga nr. 6/1977.

2. gr.

Um töku vega í tölu sýsluvega fer samkvæmt ákvæðum vegalaga hverju sinni. Sýsluvegir í Suður-Þingeyjarsýslu eru þessir:

Svalbarðsstrandarhreppur:

1. Veigastaðavegur af Grenivíkurvegi að Veigastöðum
2. Halllandsvegur af Grenivíkurvegi að Halllandi
3. Hafnarvegur af Grenivíkurvegi að Höfn
4. Geldingsárvegur af Grenivíkurvegi að Geldingsá.
5. Meyjarhólsvegur af Geldingsárvegi að Meyjarhóli.
6. Sólbergsvegur af Grenivíkurvegi að Sólbergi
7. Litlahvammsvegur af Grenivíkurvegi að Litlahvammi
8. Heiðarholtsvegur af Grenivíkurvegi að Heiðarholti
9. Siglúvikurvegur af Grenivíkurvegi að Siglúvik
10. Breiðabólsvetur af Grenivíkurvegi að Breiðabóli
11. Fossbrekkuvegur af Grenivíkurvegi að Fossbrekku
12. Mógilsvegur af Grenivíkurvegi að Svalbarðseyri
13. Einhólsvegur af Mógilsvegi að Einhóli.
14. Svalbarðskirkjuvegur af Svalbarðseyrarvegi að Svalbarði
15. Svalbarðsvegur af Svalbarðseyrarvegi að Svalbarði
16. Meðalheimsvegur af Svalbarðseyrarvegi að Meðalheimi
17. Þéttbýlisvegir af Svalbarðseyrarvegi skv. skipulagi
18. Barnaskólavegur af Grenivíkurvegi að barnaskóla
19. Tunguvegur, af Grenivíkurvegi að Tungu og Túnsbergi
20. Meðalheimsvegur af Grenivíkurvegi að Meðalheimi
21. Brautarhólsvegur af Grenivíkurvegi að Brautarhóli
22. Ásgarðsvegur af Grenivíkurvegi að Ásgarði
23. Sunnuhlíðarvegur af Grenivíkurvegi að Sunnuhlíð